



### Námsgrein: Textílmennt

---

**Menntun í list- og verkgreinum felst í því að nemendur vinna verklega og skapandi vinnu þar sem reynir á huga, hjarta og hönd. Námið felur í sér kerfisbundna þjálfun í hverri námsgrein fyrir sig þar sem reynir á ólíka þætti í mismiklum mæli eftir eðli verkefna.**

**Kennsluaðferðir og skipulag:** Nemendur í 2. bekk fara í tvær textílmenntarlotur á skólaári, ein á haustönn og ein á vorönn 3 – 4 vikur í senn, 60 mínútur í hvert skipti einu sinni í viku. Haldið er áfram að byggja ofan á þekkingu sem nemendur hafa. Unnið er útsaumsverkefni og þeir fá að kynnst saumavélinni í einföldum vélssaumsverkefnum. Lögð er áhersla á að nemendur beri virðingu fyrir tækjum og efnivið sem verið er að nota og temji sér góða umgengni.

Verkefni hvernar námslotu eru aðgengileg á nemendasvæðum í Mentor og námsmat er sett inn í lok hvernar lotu.

Á vorönn er unnið þemaverkefni í samstarfi við umsjónarkennara í tengslum við bókina Blómin á þakinu.

**Námsgögn:** Námsgögn frá kennara, af vef, úr bókum og fleira.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Að nemandi: <ul style="list-style-type: none"><li>- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.</li><li>- Unnið úr nokkrum gerðum textílefna</li></ul>	Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum.	Námsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár og fært inn á hæfnikort nemenda á Mentor.

<ul style="list-style-type: none"><li>- Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.</li><li>- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.</li><li>- Gengið frá og tekið ábyrgð á sínu verkefni og þeim áhöldum sem verið er að nota hverju sinni.</li><li>- Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.</li><li>- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.</li><li>- Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.</li></ul>	<p>Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum.</p>	
---	--	--